

stafa honum eftir vild, aðeins ef hann skili aftur hlut sömu tegundar, og þegar hann lánar hlut og áskilur sér, að sama hlutnum sé skilað aftur.

Af útdrætti þeim af leigusamningi milli gerðarbeiðanda og Páls V. Magnússonar, er lagður hefur verið fram á rskj. 6, kemur glögggt í ljós, að búpeningurinn er leigður þannig, að um tegundarskil er að ræða, enda mun algengast hér á landi, er um leigu á búfé er að ræða, að slíkur skil séu áskilin. Stendur í 4. gr. samningsins, að leigutaki skuldbindi sig til „að skila samsvarandi áhöfn, að tölu, magni eða gæðum“, og má jafnvel skilja það á þann veg, að honum sé heimilt að skila minna af einni tegund búpenings, en skila þá tilsvareandi meira af annarri tegund.

Samkvæmt framansögðu ber að synja um framgang hinnar umbeðnu innsetningargerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir fúgetaréttinum falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna innsetningargerð skal ekki fara fram.

Mánudaginn 8. maí 1950.

Nr. 47/1949. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Theodór B. Lindal)

gegn

**Guðjóni Péturssyni og gagnsök**

(Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson

í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Tjónbætur vegna árekstrar bifreiða.

### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. febrúar 1949, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að gagnáfrýjanda verði dæmdar hæfilegar bætur eftir mati dómsins. Þá krefst hann þess og, að málskostnaður í héraði verði felldur niður, en gagnáfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. maí 1950, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 15501.61 með 6% ársvöxtum frá 14. júní 1946 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta hann, þó svo, að vextir reiknast frá 14. júní 1946. Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 1000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður gerði ekki ráðstafanir til að afla gagnáfrýjunarleyfis á dómi í máli þessu, er upp var kveðinn 19. október 1948, fyrr en 5. þ. m., þegar sá tími var liðinn, er hann gat væntzt að fá slíkt leyfi. Verður að víta þessa vangæzlu.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að vextir reiknast frá 14. júní 1946.

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Guðjóni Péturssyni, kr. 1000.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. október 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., hefur Guðjón Pétursson húsgagnasmiður, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 1. apríl 1947 gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 17500.00 með 6% ársvöxtum frá 14. júní 1946 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Í hinum munnlega málflutningi lækkaði stefnandi kröfu sína í kr. 15501.61 ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og að framan greinir.

Þá hefur Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, hér í bæ, verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en siðargreind bifreið stefnda var tryggð hjá því félagi. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og það hefur engar kröfur gert í málinu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans. Til *vara* hefur stefndi krafizt lækunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málsatvik eru þau, að þann 14. júní 1946 um kl. 15.40 ók stefnandi bif-

reið sinni R 811 suður Reykjaveg. Kveðst hann hafa ekið með um 25 km hraða miðað við klukkustund. Hafí hann þá séð til ferða bifreiðarinnar R 2145, er ekið var austur Suðurlandsbraut og var þá um það bil mitt á milli brúarinnar við Lækjarhvatn og Reykjavegar. Er hann hafi komið að vegamótum Reykjavegar og Suðurlandsbrautar, kveðst hann hafa dregið úr hraða bifreiðar sinnar og ekið inn á Suðurlandsbrautina. Taldi hann sig mundu ná örugglega yfir á syðri vegarbrún Suðurlandsbrautar, áður en R 2145 bæri þar að, en hann ætlaði að aka vestur Suðurlandsbraut. Hann hafi ekki veitt R 2145 athygli, meðan hann ók yfir nyrðri vegarhelming Suðurlandsbrautar, en er hann hafi komið yfir á syðri vegarhelming, hafi hann séð, að R 2145 sveigði til hægri. Kveðst hann þá hafa hemlað, en R 2145 hafi rekizt á bifreið sína, þegar hún var stöðvuð utanvert við syðri malborna hluta vegarins.

Ökumaður R 2145, en bifreið sú er stór vörubifreið, eign Sandgræðslu ríkisins, hefur skýrt svo frá, að hann hafi í umrætt sinn ekið austur Suðurlandsbraut með um 35 km hraða á klukkustund. R 811 var næstum því komin að vegamótunum, er hann sá til ferða hennar. R 811 hafi verið ekið rակleitt inn á Suðurlandsbrautina. Kveðst ökumaður R 2145 ekki hafa treyst sér til þess að stöðva bifreið sína, án þess að til árekstrar kæmi, og því sveigt til hægri og hemlað, en bifreiðarnar hafi samt rekizt á á syðri vegarbrúninni.

Verulegar skemmdir urðu á bifreiðinni R 811, en ekki er fram komið í málinu, að skemmdir hafi orðið á bifreiðinni R 2145.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að ökumaður bifreiðarinnar R 2145 eigi einn alla sök á árekstrinum með því að sveigja til hægri, svo sem hann gerði. Hefði hann ekki gert það, hefði enginn árekstur orðið.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að stefnandi eigi alla sök á, hvernig fór. Bifreiðinni R 2145 hafi verið ekið á aðalbraut og því hafi stefnanda borið að stöðva bifreið sína og hleypa R 2145 fram hjá sér.

Það er fram komið í málinu, að Suðurlandsbraut var aðalbraut, og nutu því ökutæki, er um hana fóru, þess forréttar, að umferð frá hliðarvegum skyldi skilyrðislaust vikja fyrir umferð aðalbrautarinnar eða staðnæmast, áður en sveigt var inn á hana, ef þess var þörf, samkvæmt 2. mgr. 7. gr. umferðarlaganna nr. 24 frá 1941. Hefur stefnandi því eigi sýnt þá varfærni, sem af honum verður að krefjast, með því að aka inn á aðalbrautina, þegar R 2145 var svo nálæg. Verður því að telja, að hann eigi sök á, hvernig fór.

Dómarinn hefur farið á vettvang og athugað staðhætti. Lögregluþjónn nokkur dró upp stöðu bifreiðanna strax eftir áreksturinn. Ökumenn beggja bifreiðanna hafa talið uppdrátt þenna réttan. Samkvæmt honum var R 811 komin alveg út fyrir syðri vegarbrún Suðurlandsbrautar, þegar áreksturinn varð. Er því ljóst, að bifreiðarstjórinn á R 2145 á einnig sök á árekstrinum með því að sveigja til hægri yfir á ranga vegarbrún. Með vísan til þessa svo og til annars þess, sem fram er komið í málinu, þykir samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 verða

að skipta sök á árekstri þessum þannig, að hvor ökumaður eigi helming sakar. Skiptist þá tjón það, er af árekstrinum varð, í því hlutfalli.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

- |   |              |
|---|--------------|
| 1. Viðgerðarkostnaður samkvæmt mati ..... | kr. 13001.61 |
| 2. Bætur fyrir afnotamissi .....          | — 2500.00    |

---

Samtals kr. 15501.61

---

*Um 1.* Liður þessi er viðurkenndur, og verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

*Um 2.* Bifreið stefnanda var fólksflutningsbifreið af „Studebaker“ gerð, smíðuð árið 1940. Notaði stefnandi, sem rak húsgagnasmíðaverkstæði, bifreiðina í eigin þágu og fyrir verkstæði sitt. Stefnandi lét eigi gera við bifreiðina, seldi hana óviðgerða um ári síðar og hefur ekki fengið sér bifreið síðan.

Telur stefnandi, að tjón sitt af því að vera án bifreiðar allt til þess hann seldi hana, hafa numið fyrrgreindri fjárhæð.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum.

Kröfufliður þessi er litlum gögnum studdur, en þó má telja sannað, að stefnandi hafi orðið fyrir nokkrum óþægindum og kostnaði af því að hafa ekki bifreiðarinnar not. Ber stefnda að bæta það tjón. Hins vegar á stefnandi ekki rétt á bótum þessum miðað við lengri tíma en telja má, að viðgerð bifreiðarinnar hefði numið. Samkvæmt yfirmati því um viðgerðina, sem lagt hefur verið til grundvallar í málinu, hefði tekið alls 562 vinnustundir að gera við bifreiðina. Með hliðsjón af þessu þykir hæfilegt að telja tjón stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 700.00.

Samkvæmt framangreindu verður tjón stefnanda talið kr. 13701.61 (13001.61 + 700.00) og ber stefnda að bæta helming þess, eða kr. 6850.81, sem honum ber að greiða stefnanda með 6% ársvöxtum frá 20. marz 1947.

Þá þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilegur kr. 950.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

#### Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, greiði stefnanda, Guðjóni Péturssyni, kr. 6850.81 með 6% ársvöxtum frá 20. marz 1947 til greiðsludags og kr. 950.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---